



6. stjórnarfundur HSV starfsárið 2023-2024. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, mánudaginn 22. Apríl , 2024 kl. 17:00.

Mætt eru Hjördís Þráinsdóttir, Ingibjörg Elín Magnúsdóttir, Anton Helgi Guðjónsson, Sigurður Óli Rúnarsson og Magnús Þór Bjarnason.

1. Ársþing HSV

Ársþing HSV verður haldið 7. maí nk. Formaður er kosin til eins árs og því verður kosinn formaður ásamt þremur aðilum í aðalstjórn. Varastjórn er kosin til eins árs, þrír í senn.

Mikil endurnýjun verður að þessu sinni í stjórn HSV og hvetur stjórn aðildarfélög til að skoða í kringum sig og hvetja fólk innan sinna raða til að hugsa til stjórnarsetu í HSV.

2. Undirbúningur ársþing

Stjórn HSV fer yfir nokkur atriði fyrir komandi ársþing sem haldið verður þann 7 maí nk. Rekstraráætlun ársins 2024 yfirfarin og verður í framhaldi lögð fyrir formannafund HSV.

Árskýrsla HSV er í vinnslu ásamt frágangi á ársreikningi.

3. Skýrsluskil aðildarfélaga

Fáar skýrslu hafa skilað sér og var ákveðið að með seinna þingboði yrði ýtt á félög að skila skýrslum, mikilvægt er að skýrslur séu aðgengilegar í árskýrslu HSV.

4. Skrifstofa tæmd

Stjórn tók til við að tæma skrifstofuna. Skjölum pakkað, ónýtum húsgögnum hent og var ákveðið að á næsta formannafundi yrði íþróttafélögum boðið að nýta þá innanstokksmuni sem þarf annars að henda.